

# Umsókn um stöðuleyfi



ÍSAFJARÐARBÆR

## Almennar upplýsingar:

Nafn umsækjanda

Heimilisfang

Netfang

## Staðfesting móttöku:

Kennitala

Póstnúmer

Símanúmer/gsm

## Sótt um stöðuleyfi fyrir:

- Gám/gáma  Hjólhýsi  
 Bát/báta  Torgsöluhús  
 Annað \_\_\_\_\_

## Lóð og staðsetning

Heiti/staðsetning

Númer

Staðgreinir

Starfsemi

## Skýringar

Ástæða umsóknar, tímabil (hámark 12 mánuðir) og annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

## Fyrri stöðuleyfi

Hefur umsækjandi áður fengið stöðuleyfi? Tilgreinið hvar og hvenær.

Umsókn skal skilað til byggingarfulltrúa sem gefur nánari upplýsingar, bygg@isafjordur.is.

Staður og dagsetning

*Viðar Magnússon*  
Undirskrift umsækjanda

## **Leiðbeiningar til umsækjenda**

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar leitast við að uppfylla þarfir einstaklinga og fyrirtækja samhliða því að skapa góða umgengni og ásýnd innan Ísafjarðarbæjar. Reynslan sýnir að aðstæður og þarfir umsækjenda eru mjög misjafnar og mikilvægt að staðsetning þessara hluta ógni ekki öryggi þeirra sem um svæðið fara, valdi ekki umhverfinu skaða og skapi sjónmengun.

### **Almennt um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar:**

Stöðuleyfi felst í að staðsetja hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar á tilteknum stað í tiltekinn tíma þó mest í eitt ár í senn. Heimilt er að óska eftir framlengingu í allt að eitt ár. Umsækjenda ber að boða byggingarfulltrúa til úttektar við staðsetningu og að loknum frágangi.

Byggingarfulltrúi getur krafist úrbóta telji hann þess þörf. Kostnaður af úrbótum fellur á umsækjanda/lóðarhafa.

### **Með vísan í byggingarreglugerð 441/1998 um hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar**

71.1 Óheimilt er að láta hjólhýsi standa til notkunar á sama stað, utan tjaldstæða og skipulagðra hjólhýsasvæða, lengur en einn mánuð án stöðuleyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, t.d. vegna byggingarframkvæmda á lóð, veitt tímabundið leyfi fyrir hjólhýsi enda verði það fjarlægt þegar byggingarframkvæmdum er lokið.

71.2 Gámar skulu ekki standa utan skipulagðra gámasvæða eða gámastæða á lóð. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, svo sem vegna byggingarframkvæmda, þjónustu eða sorpsöfnunar, veitt tímabundið leyfi allt að eitt ár í senn.

71.3 Bátar skulu ekki standa utan skipulagðra geymslusvæða fyrir báta lengur en einn mánuð, án stöðuleyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum veitt tímabundið leyfi allt að eitt ár í senn.

71.4 Torgsöluhús skulu ekki standa utan skipulagðra svæða fyrir torgsöluhús lengur en einn mánuð, án stöðuleyfis byggingarnefndar. Byggingarnefnd getur í sérstökum tilfellum, s.s. vegna hátíðahalda, veitt tímabundið leyfi fyrir torgsöluhúsum.

### **Aðgerðir til að knýja fram úrbætur**

Sinni aðili ekki fyrir mælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt samkvæmt vinnuferli byggingarfulltrúa sem samþykktur var í umhverfisnefnd 14. janúar 2009 og í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 22. janúar 2009.